



MELASKÓLI

Viðbragsáætlun

Viðbragðáætlun þessi er unnin í samræmi við Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17942>.

Viðbragðsteymi Melaskóla

Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Björg Melsted aðstoðarskólastjóri, Sólveig Prúður Þorvaldsdóttir námsráðgjafi, Mirosław Ólafur Ambroziak, Elísabet Sylvía Bobkowska og Arndís Anna Björgvinsdóttir starfsmenn stoðþjónustu

Hlutverk viðbragðsteymis

Er fyrst og fremst að tryggja öryggi barns og annarra. Viðbragðsteymið bregst við ef starfsmaður kallar eftir aðstoð. Stöðvar óásættanlega hegðun nemenda. Teymið veitir nemendum og starfsfólki stuðning í atviki, og eftir atvik. Það stuðlar að forvörnum, fyrirbyggjandi aðgerðum og fræðslu.

Óskað eftir aðstoð

Viðbragðsteymið er með síma sem allt starfsfólk skólans er upplýst um. Þegar hringt er í símann upplýsir starfsmaður hvort um er að ræða rautt eða gult atvik. Rautt atvik er alvarlegt atvik sem bregðast þarf strax við t.d. ofbeldi sem þarf að stöðva og þörf er á fleiri meðlimum viðbragðsteymisins. Sá sem er með viðbragðssímann kallar til fleiri meðlimi. Gult atvik er ekki eins alvarlegt en þörf er á fullorðnum einstaklingi til aðstoðar.

Hvenær er þörf á að kalla eftir aðstoð teymisins?

Þegar starfsmaður/kennari metur stöðuna sem svo að hann ráði ekki við stöðuna einn. Einnig þegar starfsmaður/kennari telur að gott væri að fá nýjan aðila inn í málið vegna álags eða truflunar.

Í 13. grein reglugerðar segir:

Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngripi til að stöðva nemanda. Líkamlegu inngripi skal aðeins beitt í ítrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forðaða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra.

Verklag viðbragðsteymis

Viðbragðsteymi leggur ávallt áherslu á að gefa nemanda val um að láta af hegðun án inngrips, fækka áreitum og að færa barn úr aðstæðum. Við gult atvik fer aðili á staðinn, metur aðstæður og aðstoðar. Hann hringir í aðra aðila teymisins ef þörf þykir. Við rautt atvik hringir sá sem er með símann um leið í hóp viðbragðsteymis og aðilar mæta til aðstoðar.

Í 13. grein reglugerðar segir:



MELASKÓLI

Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Láta skal tafarlaust af inngripi er hættu hefur verið afstýrt.

Líkamleg inngrip

Líkamlegt inngrip er aðeins réttlætanlegt að því marki sem það telst fyllilega nauðsynlegt og aðrar vægari aðferðir eru ekki tiltækar til að stýra yfirvofandi hættu. Líkamlegu inngripi skal aðeins beitt þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Þeir hagsmunir sem inngripi er ætlað að verja verða að vega þyngra en hagsmunir þess sem beittur er valdi. Ávallt skal gæta öryggis og hafa virðingu og vellíðan nemanda og starfsfólks í fyrirrúmi. Starfshættir mótast af umburðarlyndi og kærleika, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber öllu til þess hæfu starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngripi til að stöðva hegðun nemanda. Ávallt skal bregðast við slíkum aðstæðum faglega og af festu og áreiðanleika og láta skal tafarlaust af inngripi er hættu hefur verið afstýrt.

Skráning á atviki, áverkum og úrvinnslu eftir atvik

Nauðsynlegt er að skrá atvik á sérstöku atvikablaði, þar sem skýrt er tekið fram hvað átti sér stað.

Skv. 13. grein segir:

Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleyssi. Mikilvægt er að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks skólans eða viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, t.d. frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum

Í kjölfar þess að viðbragðsteymi er kallað til

Öll tilvik eru skráð og farið yfir málsatvik. Viðbragðsteymið hittist reglulega og fer yfir verklag og viðbrögð. Við rautt atvik er ætíð haft samband við foreldra/forsjáraðila, þeir upplýstir og hugað að fyrirbyggjandi aðgerðum.